

**Sp.**

**96. Tillaga til þingsályktunar**

[84. mál]

vegna uppsafnaðs söluskatts af útfluttum iðnaðarvörum.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurgreiða fyrir júnílok 1978 uppsafnaðan söluskatt af útfluttum iðnaðarvörum árána 1975, 1976 og 1977.

Jafnframt ályktar Alþingi, að uppsafnaður söluskattur af útfluttum iðnaðarvörum skuli endurgreiddur framvegis þar til virðisaukaskattur hefur verið tekinn upp héraendis eða aðrar sambærilegar ráðstafanir gerðar til að jafna samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi er flutt í framhaldi af svari hæstvirts fjármálaráðherra við fyrirspurn minni varðandi sama efni á þingskjali 26, en í því svari kom fram, að hæstvirt ríkisstjórn hefur ákveðið að endurgreiða ekki uppsafnaðan söluskatt af útfluttum iðnaðarvörum fyrir árin 1975 og 1976, en standa í skilum varðandi endurgreiðslu fyrir árið 1977.

Þetta svar hæstvirts fjármálaráðherra hefur valdið vonbrigðum, eins og fram kom í umræðum er spunnust um fyrirspurn mína og svar fjármálaráðherra, en þá tóku nokkrir þingmenn til máls, og létu þeir allir í ljós þá ósk, að ríkisstjórnin endurskoðaði afstöðu sína í þessu máli.

Í svari sínu gat hæstv. fjármálaráðherra þess, að gengisbreyting árið 1975 hefði bætt hag útflutningsiðnaðarins árin 1975 og 1976 og því þyrfti ekki að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til aðila útflutningsiðnaðarins fyrir þau ár.

Það er skoðun mín, að endurgreiðsla á söluskatti eigi ekki að vera háð sveiflum í rekstri þeirra, er hann eiga að fá. Endurgreiðsla söluskatts til atvinnuveganna á að lúta sömu reglum og söluskattsskil til ríkissjóðs.

Þá er gert ráð fyrir að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt af útfluttum iðnaðarvörum, þar til virðisaukaskattur kemur til framkvæmda héraendis eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir verða lögfestar, er jafna samkeppnisaðstöðu íslenskra iðnfyrirtækja.

Tillaga þessi er flutt til að auðvelda ríkisstjórninni að taka nýja ákvörðun í þessu máli, enda er hér um skil á þegar innheimtum skatti að ræða, sem endurgreiða ber til útflutningsiðnaðarins.